



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 27.03.2020

Kl.: 17:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- Vaksíminn 1700
- Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma

Minni veikindi:

- Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is
- Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 890 og 791 eru í einangrun. Alls eru 550 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 69 smita. Samtals hafa um 13,613 verið tekin, þar af 998 síðastliðinn sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi hafa tveir látist.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 18 innlagðir sjúklingar á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 6 á gjörgæslu og 6 á öndunarvél. 818 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19 þar af 59 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 97 einstaklingum batnað og 17 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

27. upplýsingafundur, 27. mars, 2020.

Þáttakendur á fundinum voru Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma Möller, landlæknir, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögreglustjóri og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn, sem stjórnaði fundinum.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir byrjaði á því að fara yfir stöðuna, 88 smitaðir undanfarinn sólarhring og 890 smitaðir alls. Undanfarinn sólarhring hafa verið tekin 392 sýni á veirufræðideild Landspítalans og af þeim eru 21% jákvæð. Hjá deCode hafa 606 sýni verið tekin og 1% er jákvætt. Bendir til þess að smit í samfélaginu séu takmörkuð. Rúmlega 13000 sýni hafa verið tekin – 4% af þjóðinni. Af þeim sem eru nýgreindir síðasta sólarhring hefur rúmlega

helmingur verið í sóttkví, sem segir okkur að aðgerðir séu að hefta útbreiðslu. Um 10.000 manns eru í sóttkví, um 3% af þjóðinni. Þórólfur nefndi einnig að 97 manns er batnað og tilkynnti að nú væri verið að vinna að leiðbeiningum fyrir þetta fólk – enda hefði mikið verið spurt um þær.

Á Landspítalanum eru 18 manns inniliggjandi, þar af 6 á gjörgæslu og allir þeir eru í öndunarvél. Enginn skortur er nú á sýnatökupinum núna og enginn skortur heldur á hlífðarbúnaði. Það hefur gengið á birgðir, en nóg er til, og verið að vinna í því að útvega meira.

Almennt mat á faraldrinum: Nú eru fjórar vikur frá því að fyrsta tilfellið var greint og við erum tæplega hálfnuð í þessu langhlaupi. Faraldurinn er enn í vexti – sá vöxtur er ekki hraður, en við eigum eftir að ná hápunktinum. Miðað við fjöldra greindra erum við að góðum stað í kúrfunni, en miðað við fjöldann núna í gjörgæslu erum við að sigla inn í verstu spána. Næsta gerð af spálíkaninu mun taka mið af nýorðnum breytingum. Við getum hins vegar fullyrt að okkar aðgerðir hafa skilað árangri og spálíkanið í gær styður það mat. Við getum búist við að sjá aukingu á greindum tilfellum víðsvegar um landið, en vonandi mun það fylgja spánni. Við minnum hinsvegar á að þetta er spálíkan. Við þurfum að halda áfram aðgerðum okkar og það er óvíst hvort samkomubanni verður aflétt 13 apríl eins og til stóð. Þórólfur bað almenning um að búa sig undir að það muni standa lengur – en að slík ákvörðun yrði kynnt á næstu dögum. Hann þakkaði landsmönnum þáttökuna í þessum aðgerðum – það væri ómetanlegt að sjá hvernig samfélagið hafi brugðist við og gripið til aðgerða. Þetta er nauðsynlegt til að ná árangri. Þetta er langhlaup, sagði Þórólfur – við eigum langt í land, en einhvern tímann í maí mun þessu ljúka.

Alma Möller landlæknir byrjaði á því að þakka starfslíði og stjórnendum þeirra stofnana sem hafa verið að vinna með Landlækni og Almannavörnum; ráðuneytum, Lyfjastofnun og Sjúkratryggingum. Hún hvatti alla til að hlýta fyrirmælum og hvatti heilbrigðisstarfsmenn sérstaklega til að forðast smit. Fólk í sóttkví ætti að fara eftir reglum, ekki fara á mannamót, forðast annað fólk og virða tveggja metra regluna. Alma sagði að mikið myndi mæða á sjúkrahúsunum þangað sem þeir koma sem mest eru veikir, á Landspítalann og Sjúkrahúsið á Akureyri. 80 prósent þeirra sem sýkjast eru einkennalausir eða fá væg einkenni, sagði Alma. Um 15% leggjast inn og 5% verða mikið veikir. Þetta byggir á gögnum frá Kína. Við höfum ekki fengið gögn frá Ítalíu, sagði Alma, en þar eru vísbendingar um að yngra fólk sé að veikjast. Allir geta veikst – en aldraðir eru í meiri áhættu.

Við erum að fylgjast vel með þeim sem eru smitaðir. Þeir sem verða alvarlega veikir fá lungnabólgu, finna fyrst fyrir þreytu og andþyngslum. Súrefnismettun lækkar og þá þarf að gefa súrefni, eða setja fólk í öndunarvél. Það gerist eingöngu á gjörgæsludeild. Álagið er farið að aukast í Fossvogi, sagði Alma, en þar er úrvals fagfólk. Við erum með þessa spá, en erum að búa okkur undir verstu sviðsmyndina í samstarfi við Almannavarnir, sjúkrahúsin, Rauða krossinn og fleiri. Landspítalinn verður lagður undir COVID19 sýkta einstaklinga og aðrar stofnanir taki við sjúklingum þaðan. Orkuhúsið í Reykjavík stendur til boða, sem og Klíníkin (einkarekið sjúkrahús). Sjúkrahúsið á Akureyri er einnig tilbúið með sína áætlun. Bakvarðasveitin er nú komin upp í 800 manns og það verður gríðarlega mikilvægt að hafa þetta fólk til taks.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri greindi frá því að rakningateymi lögreglunnar hafi verið önnum kafið. Hún minnti á að lögreglufólk væri í framlínunni í þessari baráttu og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf, sérstaklega á Norðurlandi og í Vestmannaeyjum, þar sem mörg smit og mörg vandamál hafa komið upp. Önnur umdæmi eru tilbúin og hafa verið að vinna að áætlunum. Lögreglufólk í öðrum störfum hefur boðið fram aðstoð sína og í dag verður sett af stað skráning í bakvarðasveit lögreglunnar. Sigríður talaði sérstaklega um heimilisofbeldi, því rannsóknir hafa sýnt að það eykst í svona

aðstæðum. Hún hvatti fólk til að hafa samband við fagaðila ef ástæða er til að ætla að fólk verði fyrir ofbeldi á heimilum og fórnarlömb að hafa samband í neyðarsímann. Lögreglan er einnig að fara af stað með fræðslufni og forvarnir á samfélagsmiðlum, vegna hættunnar á auknu heimilisofbeldi. Hún varðaði almenning við að falla fyrir gylliboðum um bólufni og lækningar, eða kaupa eftirlíkingar af grímum eða öðrum hlífðarfatnaði – og að treysta aðeins upplýsingum frá opinberum aðilum. Sigríður tilkynnti að Ríkissaksóknari væri nú að ljúka við gerð á reglum um sektir við brotum á samkomubanni – þær sektir verða á bilinu frá 50 til 500 þúsund krónur. Hún sagði gott að finna fyrir samstöðu og samheldni í þjóðfélaginu.

Spurningar og svör

Alma var spurð um tengsl offitu og reykinga við alvarleg tilfelli af COVID 19 sýkingu. Hún sagði engin staðfest tengsl við offitu, en slíkt ástand tengdist oft undirliggjandi sjúkdómum á borð við sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómum – sem eru áhættuþættir varðandi COVID19.

Þórólfur var spurður um tilraunir til að ná mótetnum úr blóði þeirra sem hafa læknað. Hann sagði að slíkt væri á tilraunastigi og hafi ekki komið til tals hér á landi. Hér eru hins vegar í gangi lyfjatilraunir sem vonandi skila árangri.

Þórólfur ítrekaði reglur um sóttkví: Að einstaklingar haldi sig heima við. Þeir er heimilt að fara út og hreyfa sig, en verða að virða reglur um fjarlægð og sækja ekki mannámót eða fara í verslanir. Hann var einnig spurður um grímur og notagildi þeirra og svaraði því til að grímur gætu veitt falskt öryggi fyrir heilbrigða. Hann mælir ekki gegn því að fólk noti grímur – en að það sé ýmislegt sem bendi til þess að þær veiti falskt öryggi. Miklu nær væri að virða fjarlægð, þvo hendur og ekki snerta hluti sem gætu valdið smithættu.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn lauk fundinum með því að ítreka tilmæli og reglur meðal annars um sóttkví – það má fara út úr húsi, en ekki í verslanir. Hann sagði að ýmsar ábendingar um þjónustufyrirtæki á borð við hárgreiðslustofur væru að bjóða þjónustu í heimahúsum og benti á að það væri ekki leyfilegt. Víðir brýndi einnig fyrir verslunarstjórum að merkja vel verslanir til að viðskiptavinir ættu auðveldara með að virða fjarlægðarreglur. Hann hvatti einnig stjórnendur fyrirtækja að sækja ekki um undanþágur frá samkomubanni nema brýna nauðsyn beri til.

Upplýsingamiðlun og verkefni

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar rétt fyrir hádegi á vefsvæðinu covid.is

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Þar má einnig nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar. Vefurinn er í sífelldri þróun og uppfærður reglulega. Hann er sem stendur á íslensku, ensku og pólsku. Einnig eru valdar upplýsingar arabísku, spænsku, kúrdísku, litháísku, persnesku og taílensku. Nú er kominn möguleiki á að skoða og prenta út ýmis [veggspjöld sem hafa komið út](#).

Rauði krossinn. Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](#) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjölskyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum,

sem nú eru uppi. Þetta gerir Rauða krossinum á Íslandi kleift að sinna hlutverki sínu betur.

Rauði krossinn er að sinna mjög víðtæku starfi og má þar nefna að sjálfbóðaliðar Rauða krossins manna farsóttarhús í Reykjavík, á Akureyri og á Húsavík. Einnig snúast störf sjálfbóðaliða Rauða krossins um sálrænan stuðning og aðstoð við dreifingu matvæla til fólks, sem er í sóttkví eða einangrun. Í skoðun er þörf á frekari stuðning við aðra hópa svo sem innflytjendur og flóttafólk.

Heilbrigðisstarfsmenn í Samhæfingarstöðinni eru að skoða húsnæði, sem nota mætti sem varasjúkrahús í samstarfi við Landspítalann. Jafnfram eru þeir að setja saman heildaráætlun fyrir heilbrigðisstofnanir um viðbrögð við COVID-19.

Framundan:

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður mánudaginn 27. mars kl. 9:00.

Samráð og frekari upplýsingar

- **Allir íbúar Íslands** sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- Fréttatilkynning heilbrigðisráðherra: [Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns](#)
- [Rafræn útgáfa vottorða til staðfestingar á sóttkví](#) . Þeir sem þurfa að sitja í sóttkví geta nú sjálfir skráð upplýsingar inn á vefinn heilsuvera.is og fengið vottorð þar að lútandi. Vottorðin eru án endurgjalds. Vakin er athygli á því að skráning á heilsuveru krefst þess að notandi sé með rafræn skilríki. Þau sem eru ekki með rafræn skilríki þurfa að hafa samband við heilsugæsluna sína til að tilkynna sig í sóttkví. Þau sem þurfa að fá vottorð en eru ekki með rafræn skilríki senda póst á netfangið mottaka@landlaeknir.is
- [Bréf sóttvarnalæknis og landlæknis til skólustjórnenda, kennara og foreldra.](#) Mikilvægi þess að nemendur í leik- og grunnskólum haldi áframað sækja skóla þrátt fyrir takmarkanir á skólastarfi
- [Góð ráð vegna COVID-19 til þeirra sem eiga langveik börn og ungmenni.](#)
- [Leiðbeiningar til veitinga og gististaða vegna hámarksfjölda í hópum og hverju rými](#) . Nú er sem kunnugt er búið er að herða kröfurnar vegna samkomubanns og hámarks fjöldi í hópum og hverju rými er 20 manns. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið unnið leiðbeiningar. Munum einnig 2ja metra regluna.
- [Vinnueftirlitið hefur heimildir til að loka vinnustöðum sem ekki virða hið nýja samkomubann](#) Vinnueftirlitið beinir því til vinnustaða að hlíta hertum reglum um samkomubann. Að öðrum kosti er litið svo á að þeir ógni öryggi og heilbrigði starfsmanna sinna.
- [Samgöngustofa, í samvinnu við Landlæknisembættið](#), hefur gefið út leiðbeiningar til leigubílstjóra vegna aksturs með farþega, farþega í sóttkví eða með mögulegt COVID-19 smit. Tilgangur leiðbeininga era ð verja leigubílssjóra og farþega fyrir hugsanlegu smiti
- [Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn.](#) Samþykkt frumvarp um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda.
- Alþingi hefur samþykkt frumvarp, félags- og barnamálaráðherra, um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Lögin fela í sér að laun sem greidd eru samhliða minnkuðu starfshlutfalli koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum. [Vinnumálastofnun hefur umsón með umsóknum um atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls.](#) Mikilvægt að halda vinnusambandi svo þekking tapist ekki. Leiðbeiningar eru á vefnum á íslensku, ensku og pólsku. Einnig spurt og svarað á vef þeirra. Almennar umsóknir um atvinnuleysisbætur eru einnig einfaldaðar á vefnum. eru með símaþjónustu á pólsku frá kl. 13-15 og reiknivél á vefnum til að skoða minnkað starfshlutfall og áætlaðar tekjur. Unnið í gegnum vef og síma. [Verktakar og sjálfstætt starfandi sækja um á Mínum síðum.](#) Skila inn vottorði frá RSK um að rekstur hafi dregist saman.

- [Bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar](#) Enn bætast við nýjar heilbrigðisstéttir í hóp bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar sem fer ört stækkandi
- [Bakvarðasveit félagsmálaráðuneytis](#) Félags- og barnamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, vinna í sameiningu að því að koma á fót bakvarðasveit í velferðarþjónustu. Óskað er eftir fólki sem getur starfað í þjónustu við fatlað fólk, aldraða, heimilislausa, börn með sértækar stuðningsþarfir, barnavernd og fjárhagsaðstoð. Reynsla af störfum í velferðarþjónustu er kostur en ekki skilyrði.
- [Bakvarðalista fyrir Dýralækna- til að sinna dýralækningum. Bændur hafa einnig gert sinn eigin útkallslista.](#) Sem atvinnuvegaráðuneytið, ásamt MAST og Dýralæknafélagi Íslands hafa sett upp
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum.](#) Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- [Upplýsingar sendar til samtaka sveitarfélaga varðandi samkomubann og börn.](#) Skólar, leikskólar og íþróttafélög hafa skipulagt vandlega fyrirkomulag næstu daga og vikur til að fara eftir fyrirmælum heilbrigðisráðherra um takmarkanir á skólastarfi og samkomum. Ensk þýðing í vinnslu.
- Leiðbeiningar v/ [Börn í sóttkví – leiðbeiningar og tillögur til forráðamanna](#) og [Börn með sérþarfir í sóttkví](#)
- [Skynsamleg notkun almennings á einnota hönskum og grímum](#)
- Sjá [fyrirmæli landlæknis um að hætta valkvæðum aðgerðum](#) þannig að unnt sé að sinna sjúklingum með COVID-19 jafnframt því að veita aðra nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/Decode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- Varist vefsvindl og svik á tímum COVID-19. [Sjá frétt á vef Almannavarnadeildar RLS.](#)
- Tölfræðispá Háskóla Íslands er birt á vef www.covid.hi.is
- **Undanþágubeiðnir þurfa berast víða að til heilbrigðisráðuneytis hrn@hrn.is**

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fundaði í morgun með almannavarnastofnunum á Norðurlöndunum vegna COVID – 19. Stofnanirnar hafa fundað reglulega síðustu vikur og borið saman bækur sínar varðandi viðbúnað og viðbrögð vegna ýmissa þátta er varða framvindu COVID -19 sjúkdómsins. Samvinna og samtal þessara stofnana er mjög mikilvæg.

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins veitir Íslendingum vernd og aðstoð í neyðartilfellum erlendis og er ein af grunnstoðum utanríkisþjónustunnar. Starfsfólk sinnir verkefnum í húsnæði utanríkisráðuneytisins í Reykjavík og sendiskrifstofum Íslands í þremur heimsálfum.

Af þeim er áætlað að um sjö þúsund manns hafi þegar snúið til baka til Íslands en um fjögur þúsund Íslendingar dvelji enn erlendis. Af þeim er áætlað að átta hundruð og níutíu manns stefni á heimkomu á næstu tveimur mánuðum. Rúmlega tvö þúsund og fimm hundruð manns hafa ekki skráð sérstakan heimferðardag og því má áætla að margir hyggist dvelja áfram erlendis.

[Grunnur borgarþjónustunnar.](#)

[Afskráning fyrir þá sem eru komnir heim.](#)


Borgarþjónustan vinnur náið með borgarþjónustum Norðurlandanna til að fylgjast með flugframboði til Norðurlanda svo hægt sé að koma þeim Norðurlandabúum til aðstoðar sem eiga á hættu að verða strandaglópar, ekki síst í fjarlægari ríkjum.



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

Fjöldi sýna eftir dögum



Download data

Fjöldi smitaðra eftir dögum



Download data

Heildartölur

-  **890**
staðfest smit
-  **791**
í einangrun
-  **18**
á sjúkrahúsi
-  **6**
á gjörgæslu
-  **97**
batnað
-  **10.009**
í sóttkví
-  **3.209**
lokið sóttkví
-  **13.613**
sýni


Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru tvö látin.

Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví



49%


þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



Download data


Pegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í sílu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

Fjöldi smitaðra eftir kyni



Download data

Uppruni smits



Download data


Smit / sóttkvi eftir landshlutum



Landshluti	Smit	Sóttkvi
Höfuðborgarsvæði	686	4965
Suðurnes	41	459
Suðurland	100	1115
Austurland	3	174
Norðurland eystra	16	447
Norðurland vestra	17	403
Vestfirðir	2	219
Vesturland	12	299
Óstaðsett	13	1927
Útlönd	0	1

Download data

Fjöldi smitaðra eftir aldri



Download data

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 566,269 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 25.423 einstaklingar** hafa látist. Þá hafa **127,768 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.